



Alþingi v/Austurvöll
Hr. Stefán Árni Auðólfsson
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor

Dags.

2005040036

26. apríl 2005

Bréfalykill:

5.1.2


Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um loftferðir

Við er til umsagnarboðs samgöngunefndar í bréfi dags. 20. apríl 2005. Svo sem fram kemur í upphafi almennra athugasemda með frumvarpinu byggir gerð þess að mestu á tillögum sérstaks starfshóps sem Flugmálastjórn Íslands átti aðild að og styður hún því framgang málsins. Nokkrar ábendingar skulu þó gerðar.

1. Lagt er til að orðunum “*og farm*” verði skotið inn í 1. mgr. 5. gr. (47. gr.) á eftir orðunum ...valdið hættu fyrir loftfar, farþega þess..
2. Lagt er til að orðið “*loftfars*” komi í stað “*flugfars*” í lokamálsgrein 5. gr. (47. gr.) frumvarpsins.
3. Lagt er til að lokamálsgrein 57. gr. a verði : *Ákvæði greinarinnar gilda einnig um skólustarfsemi á sviði flugleiðsöguþjónustunnar eftir því sem við á.*
4. Lagt er til að í stað orðanna Flugmálayfirvöld skulu í upphafi 57. gr. c komi *Flugmálastjórn Íslands skal*
5. Lagt er til að orðin *og eigenda farms.* bætist við niðurlag a. liðar 8. gr. (70. gr.)
6. Lagt er til að orðið *flugvallarstjórn* komi í stað orðanna flugvallaryfirvöldum og flugvallaryfirvaldi í c lið 8. gr. (70. gr.)
7. Lagt er til að málsgreinarnar tvær sem bætast eiga við 141. gr. sbr. 12. gr. frumvarpsins verði: *Aðila sem tilkynnir, í samræmi við ákvæði 47. gr., innan 72 klst. um atvik sem ekki hafa leitt til flugslyss eða alvarlegs flug- eða flugumferðaratviks, verður ekki refsað eða hann beittur viðurlögum þótt um sé að ræða brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum settum á grundvelli heimilda í lögum þessum, nema ásetningi, stórfelldu gáleysi, neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja sé til að dreifa.*
Tilkynningu skv. 47. gr. skal ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

8. Lagt er til að orðin *og lögum þessum* verði felld úr niðurlagi 2. mgr. 101. gr. laganna. Þessi tillaga er ekki í frumvarpinu en ábending og fyrirspurn um efni hennar barst frá nefndasviði Alþingis í framhaldi af setningu laga nr. 88/2004.

Með kveðju

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þorgeir Pálsson'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'Þ' and a long, sweeping tail.

Þorgeir Pálsson
flugmálastjóri